

Vökvun í frístundagróðurhúsi!

Fyrir tveimur árum kom ég í heima-gróðurhús hjá vinafólki í Danmörku. Þar gaf að líta frauðplastkassa, hér gjarnan kallaðir laxa kassar. Niður úr lokinu ganga þrjár gataðir hólkar, steypdir í lokið. Hólkarnir eru fylltir með mold og kassinn með vatni, moldin í hólkunum drekkur í sig vatnið gegnum götin. Danskurinn hefur þann hátt á að leggja langsskorinn gróðurmoldarpoka ofan á kassann/hólkana, planta í pokann en plantan sýgur upp vatn úr geyminum um hólkana. Svona kassar eru því miður ekki til hér á landi og yrðu væntanlega nokkuð dýrir í innflutningi.

Fyrir skömmu datt okkur hjónum í hug að koma okkur upp smá gróðurhúsi við sumarbústaðinn, það er einmitt þar sem svona græja kemur að góðum notum þar sem enginn er á milli helga – sjálfvirk vökvun.

Það hvarflaði því að mér að útbúa kassa sem virkaði á sama hátt. Kassa fékk ég hjá Borgarplasti í Mosfellsbæ. Í loki kassans boraði ég þrjú 100 mm göt og upp um þau fóru 100 mm plaströr með loki í neðri endanum en í rörin boraði ég göt. Í stað gróðurmoldarpoka kaus ég að setja kassa ofan á vatnskassann, boraði samstæð 100 mm göt í botn hans og lagði síðan ofan á lok þess neðri þá voru rörin komi í gegn, síðan er bara að fylla með mold – einn poki.

Í eitt hornið boraði ég gat fyrir vatns-áfyllingarrör, boraði líka nokkur göt á rörið sem stendur á botni geymisins, niður um rörið er einfalt að stinga mjóu priki til að mæla vatnsstöðuna hverju sinni.

Hér eru myndir af minni útfærslu og einnig af þeim danska.



Danski kassinn



Neðri kassinn minn



Lokið komið á þann neðri



Sá efri kominn á



Moldin sett í



Plönturnar komnar í efri kassann



Fyllt á geyminn